

# ÚTSKRIFT ÚR FUNDAGERÐARBÓK SVEITARSTJÓRNAR HÚNAÞINGS VESTRA

## 202. FUNDUR.

202. fundur sveitarstjórnar Húnaþings vestra haldinn miðvikudaginn 22. ágúst árið 2012 í fundarsal Ráðhússins kl. 13:00. Oddviti setti fund. Mætt undirrituð.

Gengið var til dagskrár.

### 1. Erindi Hæðarinnar á Höfðabraut ehf. frá 11. júní sl.

Oddviti fór yfir erindi Hæðarinnar á Höfðabraut ehf. frá 11. júní sl. og gerði grein fyrir framlögðum umsögnum lögmanns sveitarfélagsins og endurskoðendafélags þess. Oddviti lagði fram eftirfarandi bókun og tillögur:

„Með tölvupóstbréfi dags. 11. júní 2012 óskar stjórn Hæðarinnar á Höfðabraut ehf. eftir því að sveitarstjórn Húnaþings vestra undirriti skilmálabreytingu skuldabréfs félagsins (áður Forsvars ehf.) þar sem sveitarfélagið er talið bera sjálfskuldarábyrgð á umræddu láni. Á fundi sveitarstjórnar þann 14. júní 2012 var samþykkt að fela oddvita og sveitarstjóra að fara yfir tillögu Landsbankans um fjárhagslega endurskipulagningu Hæðarinnar á Höfðabraut ehf. með endurskoðanda og lögmanni sveitarfélagsins. Umræddir aðilar hafa skilað minnisblöðum sínum til sveitarstjórnar Húnaþings vestra og hafa þau verið send sveitarstjórnarmönnum og liggja þau fyrir á fundinum.

Umrætt skuldabréf er til komið vegna sölu Húnaþings vestra á eignarhluta sveitarfélagsins á efstuhæð Höfðabrautar 6 á Hvammstanga til Forsvars ehf. á árinu 2002. Kaupsamningur var undirritaður þann 7. mars 2002 með skilmálum um greiðslu kaupverðs, kr. 17 milljónir, með greiðslu skuldabréfs að fjárhæð 17 milljónir kr. útgefnu þann 1. mars 2002 sem greiðast skyldi með 80 greiðslum, fjórum sinnum á ári, á þriggja mánaða fresti, í fyrsta sinn 1. september 2004. Bréfið er tryggt með veði í eigninni og með 5,1% vöxtum og verðtryggt.

Skuldabréfið var gefið út 1. mars 2002 með ofangreindum skilmálum. Þann 13. júní 2002 framselur þáverandi sveitarstjóri Húnaþings vestra, Sparisjóði Húnaþings og Stranda, skuldabréfið með öllum réttindum sem þar greinir og tekst á hendur, f.h. sveitarfélagsins, sjálfskuldarábyrgð á skuldinni og kostnaði í samræmi við ákvæði bréfsins. Í útprentun frá sparisjóðnum, dags. 14. júní sama árs, kemur fram að ávöxtunarkrafa sé 8,75%. Uppreiknaðar eftirstöðvar séu kr. 17.100.698- og afföll séu kr. 4.033.745-. Núvirði bréfsins sé kr. 13.066.953-. En það var söluverð bréfsins til Sparisjóðs Húnaþings og Stranda og því sú fjárhæð sem sveitarfélagið fékk vegna umræddra viðskipta. Afsal til Forsvars ehf. var gefið út þann 14. desember 2004.

Með vísan til framlagðra minnisblaða, lögmanns sveitarfélagsins, Ívars Pálssonar hrl., dags. 31. júlí 2012 og endurskoðunarfélags sveitarfélagsins, KPMG, Kristjáns Jónssonar og Sesselju Árnadóttur, dags. 12. júlí 2012, samþykkir sveitarstjórn Húnaþings vestra að hafna ósk stjórnar Hæðarinnar á Höfðabraut ehf. um undirritun skilmálabreytingar á skuldabréfi félagsins þar sem sveitarfélaginu sé slíkt óheimilt sbr. ákvæði 3. mgr. 69. gr. núgildandi sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Í umræddum minnisblöðum kemur jafnframt fram að undirritun þáverandi sveitarstjóra á sjálfskuldarábyrgð Húnaþings vestra hafi farið í bága við ákvæði þágildandi sveitarstjórnarlaga og þar að auki hafi ekki verið aflað samþykkis þáverandi sveitarstjórnar fyrir þeim gjörningi. Þess vegna samþykkir sveitarstjórn Húnaþings vestra að hafna því að sveitarfélagið sé í sjálfskuldarábyrgð vegna umrædds skuldabréfs.

Í ljósi þessa samþykkir sveitarstjórn Húnaþings vestra að fela oddvita og sveitarstjóra, í samráði við lögmann sveitarfélagsins, að tilkynna stjórn Hæðarinnar á Höfðabraut ehf. og Landsbankanum um ofangreint og er þeim jafnframt falið að gæta ýtrustu hagsmuna sveitarfélagsins í málinu, svo sem fyrir dómstólum ef þurfa þykir.“

Framangreind bókun og tillögur bornar undir atkvæði og samþykktar með 7 atkvæðum.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 13:40

\_\_\_\_\_  
Leó Örn Þorleifsson.

\_\_\_\_\_  
Stefán Einar Böðvarsson.

\_\_\_\_\_  
Sigurbjörg Jóhannesdóttir.

\_\_\_\_\_  
Elín Jóna Rósinberg.

\_\_\_\_\_  
Ragnar Smári Helgason.

\_\_\_\_\_  
Anna María Elíasdóttir.

\_\_\_\_\_  
Þorbjörg Inga Ásbjarnardóttir.

\_\_\_\_\_  
Skúli Þórðarson, sveitarstjóri.